

## A 1752/välfärd

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

**Þingmannatillaga um aukið norrænt samstarf í heilbrigðismálum****Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún skoði möguleika á auknu norrænu samstarfi í opinberri heilbrigðisþjónustu.

**Aðdragandi**

Á Norðurlöndum búa 26 milljónir manna. Íbúar landanna búa í stórum og litlum borgum, á landsbyggðinni, í strjálbýli og á eyjum. Fyrir marga er um langan veg að fara á heilsugæslustöð en aðrir búa í næsta nágrenni. Fyrir jafnaðarmenn í Norðurlandaráði skiptir aðgengileg heilbrigðisþjónusta fyrir alla miklu máli – og hún á að vera góð.

Opinber heilbrigðisþjónusta verður að vera í fararbroddi og vinna að og skapa forsendur jöfnuðar í heilbrigðismálum. Í því skyni að auka möguleikana mætti efla enn frekar norrænt samstarf í heilbrigðismálum. Þar sem markmiðið er að skapa bestu heilbrigðisþjónustuna fyrir alla og þar sem meðhöndla má sjúklingana með aðstoð nýjustu rannsókna og bestu fáanlegrar tækni hverju sinni. Það felur í sér að við ættum að opna heilbrigðisþjónustuna á Norðurlöndum fyrir íbúana og gera það einfaldara að leita sér og fá umönnun í löndunum, þar sem heilbrigðiskerfi heimalandsins greiðir fyrir umönnunina. Aukið samstarf sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva getur farið fram á ólíkan hátt. Til dæmis með því:

- Að auka frjálst flæði sjúklinga milli landanna til að veita sjúklingnum bestu heilbrigðisþjónustuna.
- Að koma á fót sérhæfðum heilsugæslustöðvum fyrir meðhöndlun ólíkra sjúkdóma, slysa og endurhæfingu.
- Að heilbrigðiskerfi Norðurlandanna eigi nánara samstarf með aðstoð velferðartækni.

Nú þegar eiga mörg sjúkrahús á Norðurlöndum samstarf sín á milli. Það er jákvætt og gott. En samstarfið má þróa enn frekar. Það getur farið þannig fram að sjúklingurinn leitar á sína heilsugæslustöð sem svo vísar sjúklingnum áfram. Algengast er að það



verði til næsta sjúkrahúss, sem svo aftur getur boðið sjúklingnum sérhæfða umönnun og/eða endurhæfingu á öðru sjúkrahúsi eða annarri heilsugæslustöð á Norðurlöndum. Grundvallarforsendan er að sjúklingurinn fái bestu heilbrigðisþjónustuna og/eða endurhæfinguna.

Margir sjúkdómar og slys eru mjög sjaldgæf. Þá getur verið gott að safna saman þekkingu og sérfræðipekkingu á einu eða fáeinum sjúkrahúsum á Norðurlöndum og vísa sjúklingunum þangað. Eitt dæmi gæti verið að sjúklingar með alvarleg brunasár hljóti meðhöndlun á einum og sama stað til þess að geta fengið góða umönnun og endurhæfingu byggða á nýjustu sérfræðipekkingu.

Jafnaðarmenn í Norðurlandaráði hafa áður lagt fram þingmannatillögu sem ber heitið „Norðurlönd – leiðandi á heimsvísu á sviði 5G farsímanets, með áherslu á velferðartækni“. Það felur í sér að 5G farsímanet verður fimmta kynslóð þráðlausra nettenginga. Með þessu nýja skrefi verður tæknin enn hraðari, skilvirkari og áreiðanlegri. Með aðstoð þessarar tækni er hægt að fá norrænu heilbrigðiskerfin til að vinna nánar saman. Til dæmis getur læknir tekið á móti sjúklingi á heilsugæslustöð á Grænlandi og haft samband til að fá sérfræðiálit læknis sem starfar á sjúkrahúsi í Kaupmannahöfn. Þetta á sér stað nú þegar, en þetta samstarf mætti breiða út til allra Norðurlandanna.

Nýja velferðartæknin, sem byggir á fimmtu kynslóð farsímataækni, opnar einnig fyrir nýja möguleika á fjarlækningum, þar sem sérfræðingar geta á einfaldan hátt tengt sig við t.d. rafræna sjúkraskrá, haldið fjarfundum í hópum til að skipuleggja umönnun eða veitt stuðning þegar aðgerðir fara fram. Sjúkraþjálfarar geta unnið úr fjarska með sjúklingum í „sýndarveruleika“-sambengi þar sem sjúklingurinn er með tengda skynjara til að mæla og fylgja eftir framförum í þjálfuninni.

Einkareknu heilsugæslustöðvarnar mega gjarnan eiga samstarf við þær opinberu um sameiginlegt norrænt heilbrigðiskerfi, en það byggist á því að opinberu stöðvarnar stjórni ferðinni.



Helsinki, 30. október 2017

Annette Lind (S)  
Erkki Tuomioja (sd)  
Eva Sonidsson (S)  
Henrik Dam Kristensen (S)  
Ineqi Kielsen (S)  
Ingalill Olsen (A)  
Johan Andersson (S)  
Jorodd Asphjell (A)  
Karen J. Klint (S)  
Karin Gaardsted (S)  
Lars Mejern Larsson (S)

Lennart Axelsson (S)  
Maarit Feldt-Ranta (sd)  
Martin Kolberg (A)  
Orla Hav (S)  
Peter Johnsson (S)  
Phia Andersson (S)  
Pyy Niemi (S)  
Rikard Larsson (S)  
Ruth Mari Grung (A)  
Stein Erik Lauvås (A)  
Tony Wikström (ÅSD)